

TILRAUNASÁL

Myndvinnsla/Jakob Jóhannsson



SÁLIN hans Jóns míns hefur verið vinsælasta poppsveit landsins síðastliðin misseri og virðist frí sveitarinnar frá plötugerð fyrir síðustu jól ekki gert annað en skerpa hungrið. Næsta fimmtudag sendir sveitin frá sér sína þriðju breiðskífu í núverandi mynd og heldur þá útgáfutónleika í Tunglinu.

Guðmundur Jónsson, lagasmiður sveitarinnar og gítarleikari, segir sveitarmenn komna í þá öfundverðu stöðu að geta leyft sér sitt af hverju, og geri það óspart á plötunni nýju. Hann segir að hornin séu minna notuð á plötunni en einhverjir hefðu kannski átt von á eftir lögum sveitarinnar sem komu út í sumar. „Það var mikið af hornum hjá okkur í sumar; við vorum mikið í soultónlist, þannig að líklega höfum við bara afgreitt það mál þá,” segir Guðmundur og hlær.

Hann segir að sér finnist platan fjölbreyttari en síðasta plata, enda sé sveitin komin á það stig að geta leyft sér sitt af hverju. „Það er margt að gerast á plötunni, sem við hefðum ekki lagt í að reyna áður.”

Guðmundur segir að platan sé í lengra lagi, en þeir hafi upphaflega ætlað sér að vera bara með tíu eða tólf lög á plötunni. „Ég var

búinn að semja tuttugu lög til að velja úr og úr þeim völdum við tólf lög og svo kom Jens með tvö sterk lög, þannig að þegar upp er staðið verða lögin fjórtán og tónlistin yfir klukkutími.”

Það lifa fáir á því að vera í poppsveit hér á landi og gildir þá einu hve fræg sveitin er. Guðmundur segir enda að það sé alla jafna mikil keyrsla á sveitarmönnum og því við sama vanda að stríða og endranær, „það fer svo mikill tími í spilamennsku og umstangið í kringum þetta. Við verðum að gera allt sjálfir og það gefst því ekki tími til að vera inni í bílskúr og þróa hlutina saman. Við reynum því að æfa sem minnst, til að fá einhverja pásu.”

Ekki sagðist Guðmundur gera sér neina grein fyrir hvaða viðtökur platan fengi, „það sem skiptir mestu máli er að við erum allir ánægðir.”

Sálin Skiptir mestu að allir eru ánægðir.